

Nd.

96. Frumvarp til laga

um breyting á lögum um Landsbanka Íslands, nr. 10 15. apríl 1928.

Flm.: Héðinn Valdimarsson, Jónas Guðmundsson, Páll Þorbjörnsson,
Finnur Jónsson, Emil Jónsson, Sig. Einarsson, Stefán Jóh. Stefánsson.

1. gr.

34. gr. laganna orðist svo:

Landsbankanefndin er skipuð 15 mönnum, sem sameinað Alþingi kys með hlutfallskosningu í fyrsta sinn, er það kemur saman að afstöðnum alþingiskosningum.

Kjörtímabil nefndarinnar er hið sama sem kjörtímabil alþingismanna. Endurkjósa má menn í nefndina. Kosnir skulu á sama hátt og til sama tíma varamenn, sem taka sæti í nefndinni í forföllum aðalmanna eftir þeirri röð, sem þeir hafa verið kosnir á hverjum lista. Er kosning fer fram, skal afhenda lista með helmingi fleiri nöfn-um en kjósa á menn í nefndina. Sá, sem næstur er að atkvæðamagni þeim, sem kosningu hlýtur á hverjum lista, skal vera 1. varamaður þess lista um kjörtímabil það, er listinn á við, og svo hver af öðrum innan listans. Þannig, að sá, sem næstur er að atkvæðamagni, kemur jafnan í stað þess, sem næstur er á undan að atkvæða- magni.

Nú kemur það fyrir, að nefndin verður eigi fullskipuð vegna fráfalls eða forfalla aðalmanna og varamanna eins eða fleiri þingflokka, og skal þá sá eða þeir þingflokkar, sem höfðu kosið þá nefndarmenn, er eigi gátu mætt vegna forfalla, tilnefna varamann eða varamenn í þeirra stað í nefndina. Ef vafaatriði um þessi efni koma fyrir, sker nefndin úr þeim með atkvæðagreiðslu og sendir Alþingi skýrslu um málið.

Landsbankanefndarmenn fá enga þóknun fyrir störf sín.

2. gr.

35. gr. laganna orðist svo:

Þegar landsbankanefnd hefir verið kosin, kýs hún með blutfallskosningu 4 menn í bankaráð og 4 menn til vara.

Formann bankaráðs og varaformann skipar ráðherra sá, sem fer með banka- mál. Kjörtímabil bankaráðsmanna og varamanna er hið sama og kjörtímabil lands- bankanefndar, og gildir skipun formanns og varaformanns bankaráðs sama tíma. Formann bankaráðs má endurskipa og hina 4 bankaráðsmenn má endurkjósa.

Varamenn taka sæti í bankaráði í forföllum aðalmanna.

Ef formaður eða varaformaður fellur frá eða verður óhæfur til starfans áður en starfstími hans er á enda, skipar ráðherra nýjan varamann. Ef nefndarkosinn bankaráðsmaður og varaformaður forfallast á sama hátt áður en starfstími hans er á enda, kýs landsbankanefndin annan í hans stað. Bankaráðsmenn skulu allir vera búsettir í Reykjavík eða svo nálægt Reykjavík, að þeim sé auðvelt að sækja bankaráðsfundi hvenær sem er.

Formaður bankaráðsins hefir 4000 krónur í ársþóknun, en hinir bankaráðs- mennirnir 2000 krónur hver.

3. gr.

Tölustafurinn „4“ í 38. gr. laganna, 3. málsg., breytist í 2.

4. gr.

39. gr. laganna, 1. málsg. 1. másl., orðist svo:

Á fyrsta aðalfundi nefndarinnar í hvert sinn eftir að ný kosning hefir farið fram í nefndina, samkv. 34. gr., kýs nefndin sér forseta fyrir kjörtímabilið

5. gr.

40. gr. laganna orðist svo:

Nefndarfundur er lögmætur, ef meiri hluti nefndarmanna sækir fundinn.

Nú mætir eigi meiri hluti nefndarmanna, og skal þá boða til fundar á ný með löglegum fyrirvara, og er þá sá fundur lögmætur, þó eigi mæti meiri hluti nefndar- manna.

Á nefndarfundum ræður afl atkvæða úrslitum. Ef atkvæði eru jöfn, sker at- kvæði forseta úr.

6. gr.

a. e-liður 2. máslidar 41. gr. laganna orðist svo:

Ef þess er krafizt af 3 nefndarmönnum að minnsta kosti, skulu kosningar þær, er um ræðir í þessum lið, vera hlutfallskosningar.

b. e-liður sömu greinar orðist svo:

Að taka ályktun um önnur mál, sem lögð verða fyrir nefndina samkvæmt lögum þessum, eða eftir ósk bankaráðs eða ráðherra, eða nefndin sjálf álitur mikilsvarðandi fyrir hag bankans og ákveður að taka til meðferðar.

7. gr.

a. Á eftir i-lið 43. gr. laganna komi nýr liður, er verði j-liður, svo hljóðandi:

Að hafa eftirlit með því, að lánveitingar til einstakra manna eða fyrirtækja eigi fari fram úr því, sem lög bankans leyfa á hverjum tíma.

b. Við k-lið sömu greinar bætist nýr málsl., svo hljóðandi:

Þó er hankaráði óheimilt á annan hátt en að framan greinir að gefa einstökum skuldunautum bankans eftir skuldir án gjaldþrotaskipta, ef eftirgjöfin nemur 100 þús. kr. eða meira, eða óvenjulegan greiðslufrest (moratorium) nema samþykki landsbankanefndar komi til.

Liðatalan breytist samkv. þessu.

8. gr.

Aftan við 48. gr. laganna bætist ný grein, svo hljóðandi:

Bankinn má eigi veita neinum viðskiptamanni hærri upphæð að láni en sem nemur $\frac{1}{4}$ af stofnfé bankans á hverjum tíma, og skulu í upphæð þessari talin sam- anlögð lán viðskiptamanns úr sedlabankanum, sparisjóðsdeild og veðdeild bankans. Ákvæði þetta gildir eigi um lánveitingar bankans til annara banka eða sparisjóða.

Með samþykki bankanefndar má hækka lánahámark þetta, ef um opinber fyrirtæki er að ræða. Samband íslenskra samvinnufélaga, Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda eða önnur slík stórfelld atvinnusambönd margra innlendra fyrirtækja, er ná yfir allt landið, svo og ef um fyrirtæki er að ræða, sem þegar lög þessi eru samþykkt standa í hærri skuld við bankann en að ofan greinir. Undanþágur frá lánahámarki þessu getur landsbankanefndin þó eigi veitt lengur en til eins árs í senn. Framkvæmdarstjórn bankans skal gefa bankaráði og landsbankanefnd viku- legar skýrslur um samanlagða lánshæð viðskiptamanna bankans, er standa í meiri skuld við bankann á hverjum tíma en um getur í 1. málsg. þessarar greinar.

9. gr.

60. gr. laganna orðist þannig:

Kosning í landsbankanefndina fer fram í fyrsta skipti samkvæmt lögum þessum á Alþingi 1937. Þegar eftir að lög þessi eru gengin í gildi, skal sá, sem flest atkvæði hefir fengið við kosninguna í landsbankanefndina, kveðja nefndina til fundar og sjá um kosningu 4 manna í bankaráðið. Jafnframt skipar ráðherra sá, er fer með bankamál, formann bankaráðsins.

10. gr.

71. gr. laganna orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þá er þau hafa öðlast staðfestingu konungs, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 10 frá 15. apríl 1928 og gefa þau út svo breytt.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er borið fram í því skyni að tryggja það, að yfirstjórn Landsbanka Íslands, sem er rikiseign og þjóðbanki landsins, skuli vera í samræmi við vilja þjóðarinnar og meiri hluta Alþingis á hverjum tíma. Þannig að það geti ekki átt sér stað í stórfelldum málum bankans, er varða hag alls almennings, að yfirstjórn bankans fylgi fjármálastefnu né geri stórfelldar fjármálaframkvæmdir, sem séu gagnstæðar óskum þjóðarinnar og meiri hluta þingfulltrúa hennar.

Eins og landsbankalögin eru nú úr garði gerð, er yfirstjórn bankans í hönd-

um landsbankanefndar og bankaráðs, og er ætlazt til, að það haldist óbreytt, en kosningaskipun til þessarar yfirstjórnar bankans breytist þannig, að í stað þess, að nú eru í landsbankanefnd hinir 15 nefndarmenn kosnir af þinginu í þrennu lagi, til 6 ára í senn hverjir 5, og bankanefndin kys nú síðan 4 bankaráðsmenn í tvennu lagi til 4 ára hverja 2, en formaður er nú skipaður til 5 ára í senn af ráðherra, komi hin einfalda lýðræðisregla, að bankanefndin sé kosin af þinginu öll í einu lagi, með hlutfallskosningum, þegar er þing kemur saman að nýafstöðnum kosningum, í fyrsta sinn þó á yfirstandandi þingi, en bankanefnd kjósi þá þegar 4 bankaráðsmenn með hlutfallskosningum, en formaður verði svo skipaður af ráðherra. Kjörtímabil alls bankaráðsins verði hið sama sem landsbankanefndar. Á þennan hátt verður yfirstjórn peningamála landsins í samræmi við lýðræðiskröfur nútímans.

Þá er og ætlazt til þess, að starfsemi bankaráðsins, sem hefir verið svo að segja eftirlitslaus, verði háð nokkru eftirliti af hálfu landsbankanefndar, sem verður að skoða sem fulltrúaráð bankans. Nefndinni er því gefið vald til að gera ákvarðanir um mikilsvarðandi mál um hag bankans, og sérstaklega skal bera undir nefndina, ef um stórfelldar eftirgjafir væri að ræða til skuldunauta bankans, eða stórfelldar lánveitingar úr bankanum til einstakra fyrirtækja, sem telja mætti ofviða fjármagni bankans og því hættulegar fyrir afkomu hans. Í frumvarpinu er sett það hámark lánveitinga til einstakra fyrirtækja, að samanlögð lánin úr bankanum nemi eigi meira til neins fyrirtækis en $\frac{1}{4}$ hluta stofnfjár bankans, eins og gildir um ríkissjóð, og virðist það þó hátt hámark á móts við fjármagnsþol bankans, en þó er gert ráð fyrir, að með leyfi landsbankanefndar, er gildi þó ekki nema eitt ár í senn, sé hægt að hækka þetta hámark, ef um opinber fyrirtæki er að ræða, landssamtök atvinnufyrirtækja landsmanna eða jafnvel einstakra manna fyrirtæki, sem nú þegar skulda bankanum meira en hér um ræðir, svo að þau geti haft tíma til að koma sér fyrir með fjármagnsþörf sína á annan hátt.

Vald framkvæmdarstjórnar bankans er óbreytt samkv. frumvarpi þessu og hinn daglegi rekstur bankans, en ætlazt er til, að samþykkt frumvarpsins hafi í för með sér þá tengingu yfirstjórnar bankans við þjóðarvilja og þjóðarhagsmunum, að Landsbanka Íslands verði í stórum dráttum framvegis stjórnað með þetta fyrir augum, en verði ekki eins og sérstakt ríki í ríkinu, sem fylgi óþekktum markmiðum.

Einstakar greinar frumvarpsins þarfnast ekki nánari skýringar.